

UMRÆÐUFUNDUR SA  
7. NÓVEMBER 2013

# Í AÐDRAGANDA KJARASAMNINGA EFNAHAGSUMHVERFI OG LAUNAÞRÓUN

Hannes G. Sigurðsson  
aðstoðarframkvæmdastjóri SA



# Aðdragandi skýrslunnar

## Gagnrýni á kjarasamninga: ferlið og niðurstöður

- Gagnrýni á kjarasamninga úr öllum áttum
  - vinnuveitendur, stéttarfélög, SÍ, greiningaraðilar
- Undirbúningur ómarkviss, viðræður óskilvirkar og langdregnar. Skapar óvissu
- Mjög margir kjarasamningar. Erfitt að fylgja samræmdri stefnu
- Launahækkanir umfram getu atvinnulífsins hafi dregið úr efnahagsbata og valdið verðbólgu. Mikið launaskrið
- Niðurstaða ráðstefna samningsaðila haustið 2012: Undirbúningur má stórbæta
- Starfshópur á vegum heildarsamtaka á almennum og opinberum vinnumarkaði hefur starfað frá 2011 með þátttöku ríkissáttasemjara

# Samkomulag ASÍ og SA í janúar 2013

- Mótuð verði sameiginlegri sýn á svigrúm atvinnulífsins og samfélagsins til launahækkana og aukins kaupmáttar á næstu árum
- Hafin verði sameiginleg stefnumörkun til að stuðla að vexti atvinnulífsins á grundvelli efnahagslegs stöðugleika sem byggður verði á stöðugu gengi krónunnar
- Heildarsamtökin á almenna og opinbera vinnumarkaðnum setji markmið um bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga
- Fyrirmynda verði leitað í nágrannaríkjum okkar sem tekist hefur að auka kaupmátt samhliða lágri verðbólgu
- Stefnt verði að sameiginlegri sýn allra aðila vinnumarkaðarins sem verði mótandi í nýrri lotu kjarasamninga

# Norðurlandaskýrslan í maí 2013

- Vinnuhópur heildarsamtaka launafólks og vinnuveitenda fór í kynnisferð til Norðurlanda í lok febrúar 2013
  - ASÍ, BSRB, BHM, KÍ, SA, Samninganefnd ríkisins og Samband sveitarfélaga
- Afraksturinn var sameiginleg skýrsla um vinnumarkað og kjarasamninga á Norðurlöndum
  - Umgjörð kjarasamninga
  - Samningakerfið
  - Samningsferlið
  - Hlutverk sáttasemjara

# Kerfisbreytingar á Norðurlöndum

- Í Danmörku varð kerfisbreyting í samningamálum um miðjan níunda áratuginn. Aðilar vinnumarkaðarins vildu segja skilið við verðbólgu, versnandi samkeppnisstöðu, vaxandi atvinnuleysi og miklar vinnudeilur
- Í Svíþjóð varð sambærilegt uppgjör tæpum áratug síðar og ný vinnubrögð tekin upp
- Þessar breytingar hafa skilað miklum árangri og varanlegum stöðugleika í þessum ríkjum
- Atvinnugreinasamningar og nærsamningar eru reglan í stað miðlægra samninga
  - Í Danmörku eru launahækkanir ekki ákveðnar af stéttarfélögum og samtökum atvinnurekenda heldur ákveðnar í nærsamningum milli fyrirtækja og trúnaðarmanna
  - Í Svíþjóð er algengt að hluti umsaminnar launahækkunar í kjarasamningi sé almennur og hluti útfærður innan fyrirtækja með samkomulagi stjórnenda og trúnaðarmanna
  - Í Noregi er samið um kostnaðarramma sem er útfærður innan fyrirtækja undir friðarskyldu

# Norræna samningalíkanið

- Víðtæk samstaða er um líkanið hjá öllum samningsaðilum
- Undirbúningur er faglegur og vandaður
- Í gildi eru samningar um hvernig á að semja (ekki lög um viðræðuáætlun eins og hér)
- Undanfarar, d. gennembrudsområde, n. frontfag, s. (industrin sätter) märket, ryðja brautina
- Allir aðrir samningsaðilar fylgja merkinu undantekningarlítið
- Mikill agi og ábyrgð er hjá fyrirtækjunum í launamálum
- Þau stéttarfélög sem ekki vilja lúta merkinu – fara þá í verkfall gegn stefnunni og líkaninu
- Vel er stutt við bakið á fyrirtækjum sem verða fyrir verkföllum – verkföll borga sig ekki
- Engar viðbætur við merkið er að sækja til sáttasemjara
- Engin allsherjar ánægja er með líkanið, en enginn hefur stungið upp á neinu betra

# Norðurlönd: Samstarf um upplýsingar og greiningu

- Náið samstarf er milla aðila um launatölfræði og efnahagsgreiningu
- Í skýrslum er ekki að finna nein tilmæli um eða álit á launabreytingum

Dæmi:

- Í Noregi starfar svokölluð Tækninefnd um útreikninga (n. TBU). Í nefndinni sitja hagstofustjóri (formaður), aðilar frá heildarsamtökum launafólks og vinnuveitanda og ráðuneytum. Skýrslur eru gefnar út tvisvar til þrisvar á ári um þróun launa, verðlags, samkeppnisstöðu og almenna efnahagsþróun
- Í Svíþjóð eru greiningarskýrslur í tengslum við kjarasamninga gerðar af ríkissáttasemjara, Konjunkturinstitutet og lónaðarráðinu (sem er samstarfsvettvangur samningsaðila) og mörgum fleirum

# Samkomulag um stofnun samstarfsnefndar um launatölfræði og efnahagsforsendur í júní 2013

- Skipuð forystumönnum heildarsamtaka
- Ríkissáttasemjari stýrir starfi nefndarinnar
- Markmiðið að bæta vinnubrögð og auka skilvirkni við samningsgerð
- Samstarf er við Hagstofu, Seðlabanka og fjármálaráðuneyti
- Heimild til að ráða starfsfólk. Starfsaðstaða nefndar hjá ríkissáttasemjara
- Niðurstöður birtar opinberlega
- Verkefnið:
  - Taka saman gögn um þróun launa eftir samningssviðum, verðbólgu og kaupmátt, gera samanburð við önnur lönd og greina samkeppnisstöðu landsins
  - Leggja mat á ástand og horfur í efnahagsmálum og á vinnumarkaði
  - Lýsa staðreyndum en hvorki að setja fram tillögur um efnahagsaðgerðir né viðmið um launabreytingar

# Skýrslan: Í aðdraganda kjarasamninga 2013

## Efnahagssumhverfi og launaþróun

Skýrslan skiptist í tvo hluta


### 1. Laun

- sérvinnsla Hagstofu fyrir samningsaðila – allt nýtt efni sem ekki hefur birst áður
- flokkun eftir fernum heildarsamtökum launafólks og viðsemjendum þeirra
- launaþróun og launadreifing
- launaþróun karla og kvenna
- verðbólga og kaupmáttarþróun

### 2. Efnahagssumhverfi kjarasamninga


- efnahagsþróun innanlands og erlendis og spár þar um
- kjarasamningar erlendis
- sviðsmyndir um efnahagsþróun
- efnahagsstefnan
- vinnumarkaðurinn og heimilin
- afkoma atvinnuveganna og samkeppnisstaða

# Launapróun á almennum vinnumarkaði og hjá ríki og sveitarfélögum samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar




Alm.	100,0	110,4	119,3	122,1	129,5	139,3	150,1	159,0
Ríki	100,0	108,8	118,6	125,3	127,5	134,6	145,4	153,2
Sv.fél.	100,0	106,6	116,1	127,0	129,7	135,8	145,1	152,5


# Vísitala kaupmáttar launafólks á almennum markaði, sveitarfélögum og ríki



# Kaupmáttur launa á almennum og opinberum vinnumarkaði frá 2000 (ekki í skýrslunni)



# Kaupmáttur launa á almennum og opinberum vinnumarkaði frá 1990 (ekki í skýrslunni)




# Vísitala reglulegra launa í fernum heildarsamtökum og þremur samningssviðum í nóvember 2006 til maí 2013 og launavísitala Hagstofunnar til samanburðar

	ASÍ			BHM		BSRB		KÍ		Launa- vísitala
	Sveit	Ríki	Alm.	Sveit	Ríki	Sveit	Ríki	Sveit	Ríki	Alls
2006	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
2007	105,3	105,6	109,5	109,2	108,7	105,0	108,0	104,0	107,2	108,3
2008	109,4	124,6	116,8	116,2	123,3	110,8	122,6	124,2	123,0	116,7
2009	128,2	127,2	121,5	124,1	124,3	123,8	123,8	129,3	123,5	121,4
2010	131,6	134,5	127,9	126,2	127,0	125,8	130,1	130,8	124,7	127,0
2011	140,4	141,8	137,3	135,4	135,8	133,6	138,1	138,3	134,0	138,5
2012	147,4	149,5	145,2	143,2	143,7	140,2	144,6	144,6	140,2	145,4
2013	154,5	158,6	151,7	149,7	150,0	146,6	151,5	150,6	145,2	151,7


# Launamyndun hjá félagsmönnum ASÍ frá 2006

## Aðrar hækkanir en almennar að baki tæplega helmingis hækkunar launa á tímabilinu




# Laun hafa þjappast saman undanfarin ár

Launadreifing eftir tíundum. Laun næst lægstu tíundar í % af næst hæstu



# Þróun launa kvenna umfram karla á almennum markaði




# Efnahagsumhverfi kjarasamninga 2013

- Hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum Íslands verður að jafnaði 0,8% á þessu ári og 1,8% 2014 skv. spá AGS í september
  - Engin lyftistöng fyrir þjóðarbúskapinn næstu misseri
- Vextir í heiminum fara hækkandi, ekki góð tíðindi fyrir skuldugt ríki
- Verðbólga í viðskiptalöndum: 1,5% 2013 og 1,5-2% 2014
- Fjárfestingar á Íslandi er miklu minni hlutfallslega en í öðrum ríkjum
- Úrlausnarefni án hliðstæðu eru:
  - Fjármagnshöft
  - Óuppperðir reikningar vegna hrunsins

# Þung greiðslubyrði erlendra lána

- Þung greiðslubyrði erlendra lána á næstu árum er ógn við stöðugleika og framþróun þjóðarbúskaparins
- Engar líkur eru á að viðskiptaafgangur verði nægur fyrir þessum afborgunum og augljóst að endurfjármagna verður skuldir
- Þessi staða gerir ríkar kröfur um bættu samkeppnisstöðu þjóðarbúskaparins og um aukna útflutningsstarfsemi

# Viðskiptakjörin hafa hrunið




# Landstekjur

- Hugtakið landstekjur lýsir betur árangri efnahagslífsins en landsframleiðsla, þar sem tillit er tekið til kaupmáttar útflutnings gagnvart innflutningi
- Áhrif viðskiptakjara hafa reynst veruleg til lækkunar landstekna og raunar svo mikil að hagvöxtur, vöxtur landsframleiðslu, undanfarin ár hverfur að mestu
- 2010-2013: VLF = 6%. VLT = 1%

# Landsframleiðsla og landstekjur

Landstekjur er landsframleiðsla leiðrétt fyrir viðskiptakjörum



# Hagspár sex aðila

- Spár aðilanna liggja á breiðu bili um flesta þætti sem ber vitni um mikla óvissu um mögulega framtíðarþróun
- Forsendur spáaðilanna um launa- og gengisþróun eru hins vegar keimlíkar
  - það verður þó ekki rakið til þess að minni óvissa ríki um launa-, gengis- og verðlagsþróun en aðra þætti
- Í skýrslunni er lagt til að spáaðilar dragi upp aðrar sviðsmyndir, byggðar á fleiri ferlum, sem eru allt eins líklegir og þeir sem valdir hafa verið
- Allar spárnar fela í sér áframhaldandi mikla verðbólgu og hækkandi vexti


# Vinnumarkaðurinn

- Sá bati sem nú glittir í virðist ekki vera til marks um aukna almenna eftirspurn eftir vinnuafli
  - virðist einkum bundinn við ferðaþjónustu
  - tímabundnar vinnumarkaðsaðgerðir skipta miklu máli
- Fólki á vinnumarkaði muni fjölga um tæplega 1% á ári og því þurfa fjárfestingar að aukast verulega svo dragi úr atvinnuleysi

# Skuldir heimilanna

- Íslensk heimili eru mjög skuldug í alþjóðlegum samanburði
- Skuldir heimila í hlutfalli við ráðstöfunartekjur þeirra jukust verulega í fjármálakreppunni samfara því sem eignir lækkuðu
- Í árslok 2012 námu skuldir heimilanna tæpum 2.000 ma.kr., þ.a. voru verðtryggðar skuldir um 1.700 ma.kr.
- Árleg greiðslubyrði lána heimilanna er áætluð um 150 ma.kr. sem bera má saman við 750 ma.kr. launatekjur þeirra í heild fyrir tekjuskatta

# Skuldir heimila í % af ráðstöfunartekjum




# Skuldir fyrirtækja

- Skuldir fyrirtækja sem hlutfall af landsframleiðslu eru hvergi hærrí en hér á landi, eða sem nam 154 % af landsframleiðslu í lok júní 2013
- Skuldahlutfallið hefur lækkað mikið frá upphafi fjármálakreppunnar en það varð hæst um 380% af landsframleiðslu árið 2008
- Lækkunin stafar að stórum hluta af afskriftum skulda starfandi fyrirtækja en einnig af afskriftum vegna gjaldþrota

# Samkeppnisstaða atvinnulífs

- Samkeppnisstaða atvinnulífs er úrslitaatriði um efnahagslegan vöxt og viðgang lítills og opins hagkerfis eins og hins íslenska
- Lengstum hefur lítið tillit verið tekið til þess í kjarasamningum
- Á Íslandi skiptast reglulega á tímabil versnandi samkeppnisstöðu, vegna mikilla kostnaðarhækkana, og batnandi samkeppnisstöðu um stundarsakir með gengisfellingum
- Við öllum blasir þvílíkur ófarnaður þessi stefna er
- Uppskeran er mikil verðbólga sem grefur undan líf skjörum almennings og rekstrarstöðu atvinnulífsins

# Breyting launakostnaðar á framleidda einingu á Íslandi og í helstu viðskiptalöndum



# Kaupmáttur ræðst af framleiðni

- Til lengri tíma ræðst kaupmáttur launa fyrst og fremst af framleiðni vinnuafls og fjármagns í atvinnulífinu
- Framleiðni er einnig lykill að samkeppnishæfni
- Framleiðni er slök á Íslandi miðað við önnur ríki, t.d. Norðurlönd, og ríkulegir möguleikar eru til að auka hana, ekki síst hjá hinu opinbera
- Árleg meðalbreyting launakostnaðar yfir tímabilið 2001-2013 var 4% meiri hér á landi en í viðskiptalöndunum
- Að teknu tilliti til framleiðniaukningar jókst launakostnaður á framleidda einingu árlega um rúmlega 3% umfram viðskiptalöndin

# Óstöðugleiki

- Á Íslandi ríkir almennur óstöðugleiki, sveiflukennd króna og verðbólga sem ógnar lífskjörum almennings og rekstrargrundvelli fyrirtækja
- Kjarasamningar eru í senn mikilvægur hluti lausnar á þessum vanda en óstöðugleikinn jafnframt ógn við gerð kjarasamninga
- Sameiginleg markmið aðila vinnumarkaðarins hljóta að vera bætt lífskjör sem hvíli á efnahagslegum stöðugleika, samkeppnishæfu atvinnulífi og sem næst fullri atvinnu

# Sameiginleg sýn mikilvæg

- Sameiginleg sýn samningsaðila í atvinnu- og efnahagsmálum á svigrúm til launabreytinga er mikilvægur þáttur við gerð kjarasamninga á Norðurlöndum
- Þar liggur skýr hugmyndafræði um efnahag lítilla opinna hagkerfa til grundvallar
- Mikilvægt er að aðilar íslensks vinnumarkaðar feti þessa braut og aðlagi norræna kjarasamningalíkanið að íslenskum staðháttum

UMRÆÐUFUNDUR SA  
7. NÓVEMBER 2013

# Í AÐDRAGANDA KJARASAMNINGA EFNAHAGSUMHVERFI OG LAUNAÞRÓUN

Hannes G. Sigurðsson  
aðstoðarframkvæmdastjóri SA

